SETBERGSSKÓLI

virðing – víðsýni – vellíðan

# UMBÓTAÁÆTLUN

## YTRA MAT

2021

| | MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Svið 1** | **Stjórnun og fagleg forysta** | | | | | |
| **Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu** | Þátttaka foreldra í skólastarfinu, aukin upplýsingagjöf og samstarf við foreldra/forráða-menn. | **Leita enn frekar leiða til að virkja foreldra til þáttöku og skapa meira traust á milli foreldra og skóla.** | Ábendingahnappur á heimasíðu, rýnihópar foreldra, morgunfundir með foreldrum (2+1), skólaþing, haustfundir með aðkomu stjórnenda og kynningarfundir um niðurstöður Olweusar, á haustfundum verða bekkjarfulltrúar valdir og áfram verður unnið í samstarfi við foreldrafélag skólans að virkni skóla og bekkjarfulltrúa. | Skólastjóri | Sept. 2021 | Maí 2023 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2023 (foreldrakönnun) Rýnihópar að hausti og vori |
| | Þátttaka foreldra í skólastarfinu og upplýsingamiðlun. | **Tryggja að upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, sérfræðiþjónustu, sýn og stefnu skólans skili sér í kynningum til foreldra.** | Nýta haustfundi til að kynna fyrir foreldrum hvar upplýsingar um skólanámskrár, starfsáætlun, sérfræðiþjónustu, sýn og stefnu er að finna á heimasíðu skólans. Lögð verður áhersla á að fréttir úr skólastarfinu fari á fb síðu skólans 2x í viku, að árgangar skipti með sér vikum og stjórnendur setji reglulega inn færslur. Rýnihópar. | Skólastjóri | Sept. 2021 | Maí 2023 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2023 (foreldrakönnun) Rýnihópar að hausti og vori |
| | Skólaráð og virkni skólasamfélagsins. | **Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.** | Skólaráð standi fyrir skólaþingi 1x á skólaári með þátttöku foreldra, nemenda og starfsfólks. Þingið sé ígildi opins skólaráðsfundar með sama sniði og undanfarandi ár. | Skólastjóri Skólaráð | Sept. 2021 | Mars 2022 | Lokið/ólokið |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Verklagsreglur og áætlanir | **Sjá til þess að nemendafélagið setji sér starfsreglur um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.** | Stjórn nemendafélags undir forystu aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra tómstundastarfs móta starfsreglur um kosningu og val fulltrúa sem sinna trúnaðarstörfum fyrir hönd nemenda og kynna þær fyrir skólasamfélaginu. | Aðstoðar-skólastjóri og deildarstjóri tómstunda-starfs | Sept. 2021 | Des. 2021 | Metið lokið eða ólokið |
| | Faglegt samstarf og valdefling starfsfólks | **Huga að markvissum möguleikum á handleiðslu fyrir starfsmenn.** | Kynna fyrir kennurum og öðru fagfólki leiðir gagnkvæmrar handleiðslu. Í kjölfarið verður boðið upp á að mynda handleiðsluhópa. Skólastjórnendur halda áfram að hvetja og styðja kennarar að þróa sig áfram í starfi. | Skólastjóri og verkefnastjóri | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Metið lokið eða ólokið Starfsþróun líkur aldrei þannig að hvatning og stuðningur til starfsfólk heldur áfram út í hið óendanlega. |
| | Verklagsreglur og áætlanir | **Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsfólk skólans og framfylgja henni.** | Sótt verður um til embættis landlæknis að verða hluti af verkefninu „Heilsueflandi grunnskóli“. Skipaður verður stýrihópur innan skólans sem mun leiða verkefnið. | Skólastjóri og stýrihópur | Sept 2021 | Maí 2022 | Metið lokið eða ólokið |

| | MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Svið 2** | **Nám og kennsla** | | | | | |
| **Nám og námsaðstæður** | Kennsluhættir og námsaðferðir | **Fylgja enn frekar eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.** | Endurmenntun starfsmanna miðist við fjölbreytta kennsluhætti, teymiskennslu og samþættingu námsgreina. Fengnir verða sérfræðingar í faginu til að halda fyrirlestra og vinnustofur auk þess verða, á fræðslu- og fagfundatíma, kennarar með örnámskeið um margvíslegar leiðir við að koma til móts við nemendahópinn. Áætlun örnámskeiða unnin fyrir skólaárið.<br>Við vinnu kennsluáætlana og yfirlestrar á skólanámskrá skulu kennarar og annað fagfólk meta og setja inn leiðir til fjölbreytni í kennsluháttum.<br>Kennurum og öðru fagfólk gefið rými til að heimsækja aðra skóla og til faglegs samtals. | Stjórnendur og kennarar og annað fagfólk | Okt. 2021 | Júní 2022 | Metið lokið eða ólokið |
| | Kennsluhættir og inntak náms | **Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu þeirra að skipulagi náms og skólastarfs.** | Búa nemendum aðstæður til að nálgast efnið á ólíkan hátt og þeir studdir í að finna leiðir sem þeim hentar til náms (ólíkir námsstílar og námstækni).<br>Kennarar kynna fyrir nemendum fjölbreyttar leiðir á verkefnaskilum og leiðirnar gerðar nemendum sýnilegar bæði í kennsluáætlunum og í kennslustofum. Með samþættingu, teymiskennslu og skapandi skilum nýta nemendur frekar styrkleika sína í verkefnavinnu. | Stjórn-endur, umsjónar- , faggreina-kennarar og náms- og starfsráð-gjafi | Ágúst 2021 | Vor 2022 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022 (nemendakönnun) Rýnihópar að hausti og vori |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Ýtt verður undir samstarf á milli list- og verkgreinakennara og umsjónar- og faggreinakennara. Uppbrotsdögum verður fjölgað þar sem nemendur fá enn frekar tækifæri til að nýta áhugasvið sitt og hæfileika. Námsgreinar verða samþættar í auknum mæli og með hagræðingu við gerð stundataflna verður sveigjanleiki meiri. Val um viðfangsefni og nálgun þeirra aukið. | | | | |
| | Kennsluhættir, inntak náms og námsvitund | **Huga að verkefnum fyrir nemendur sem sérstaklega beinast að áhugasviði þeirra og hæfileikum.** | Leggja áherslu á að kenna og velja viðfangsefni þvert á námsgreinar þar sem horft er til styrkleika allra nemenda og þeir fái tækifæri til að efla færni sína. Hafa fjölbreytt verkefni, hringekjur og stöðvavinnu. Í nemendasamtölum ræða kennarar m.a. um áhugamál nemenda og hvernig þeir geta fléttað þau inn í námið í samvinnu við kennara/annað fagfólk. Kennarar og annað fagfólk skal vera vakandi yfir því að skólinn búi yfir viðeigandi „verkfærum“ og aðstæðum fyrir nemendur að vinna í. Á haustfundum verða foreldrar líka hvattir til að efla börn sín í að þekkja styrkleika sína og þeir ræði þá við kennara barnanna t.d. á samtalsdögum. Unnin verða áhugasviðsverkefni á vordögum. | Kennarar og annað fagfólk | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022 (nemendakönnun) Rýnihópar að hausti og vori. |
| | Skipulag náms og námsumhverfis | **Gera nemendum grein fyrir markmiðum og framgangi kennslustunda.** | Kenna nemendum að efla námsvitund sína með því að hjálpa þeim við að áætla og skipuleggja námið viku fram í tímann. Gera ráð fyrir þessu í stundatöflu og á samtalsdögum. Markmiðin yfirfarin, endurskoðuð og ný sett í kjölfarið. Á yngstu stigum verður byrjað smátt og markmiðin einföld. Unnið verður áfram að | Umsjónar- , faggreina-kennarar, náms- og starfs-ráðgjafi og annað fagfólk | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2021–2022 (nemendakönnun) og Skólapúls 2023 (foreldrakönnun). |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | þróun samtalsdaga með það að markmiði að nemendur setji sér markmið um nám, líðan og samskipti fyrir skólaárið í samvinnu við foreldra í upphafi skólaárs. Þau markmið munu síðan liggja til grundvallar í foreldrasamtali að hausti. | | | | |
| | Kennsluhættir og námsvitund | **Fylgja eftir stefnu skólans um leiðsagnarmat.** | Áhersla verður lögð á stuðning og fræðslu frá sérfræðingum innan skólans sem jafnframt leiða teymi um leiðsagnarmat. Þeir munu leiða vinnustofur um leiðsagnarmat og jafnframt styðja kennara á vettvangi við að bæta þekkingu og auka öryggi. Kynnt verður fyrir nemendum hvað leiðsagnarmat er og hvernig þau geta nýtt sér það til vaxtar í námi í gegnum endurgjöf og mat. Jafnframt verður foreldrum kynnt stefna skólans varðandi námsmat og í hverju leiðsagnarmat felst. Vera með námsmatið sýnilegt allt árið þannig að foreldrar geti fylgst með gengi nemenda og fylgt þeim eftir því sem þörf er á. Virkja nemendur i að fara inn a Mentor og skoða sína stöðu og læra þannig smátt og smátt að bera ábyrgð á eigin hæfni.<br>Dregið er úr vægi lokaprófa og áherslan er á fjölbreyttar námsmatsaðferðir. | Stjórnendur, umsjónar-, faggreina-kennarar og annað fagfólk | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Árangur metinn í lok skólaárs á deildarfundum stiga. |
| | Námsvitund og ábyrg þátttaka | **Þjálfa nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.** | Hafa hæfniviðmið sýnileg svo nemendur séu meðvitaðir um og skilji að hverju er stefnt hverju sinni. Í kjölfarið læra þeir smátt og smátt að setja sér námsmarkmið. | Kennarar, annað fagfólk og foreldrar | Sept. 2021 | Júní 2022 | Árangur metinn í lok skólaárs á deildar-fundum stiga. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022 (Nemendakönnun) |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nám við hæfi allra nemenda | **Skrá nánar í árganganámskrár og kennslu-áætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.** | Verkefnið undirbúið og útfært með samstarfi á milli fagaðila innan skólans og utan þar sem þess gerist þörf. Kennarar halda áfram að endurskoða skólanámskrá (árganganámskrá) með það í huga að nálgast verkefni á fjölbreyttan hátt svo allir nái að mæta hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Nánari útfærsla kemur svo fram í kennsluáætlun-um varðandi verkefni og verkefnaskil. Innan skólans deilum við hugmyndum, meðal annars á möguleikum sem felast í notkun spjaldtölva við námsaðlögun. | Stjórn-endur, kennarar, náms- og starfsráð-gjafi og annað fagfólk | Júní 2021 | Júní 2022 | Árangur metinn í lok skólaárs á deildar-fundum stiga. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022 (Nemendakönnun og foreldrakönnun) |
| | Kennsluhættir og nám við hæfi allra | **Rýna og finna leiðir til að auka námsárangur nemenda á samræmdum könnunarprófum** | Leiðsagnarmat og leiðsagnarnám felur meðal annars í sér að rýna í niðurstöður könnunarprófa og meta í framhaldinu næstu skref með íhlutunum við hæfi. Umsjónar- og faggreinakennarar koma að þeirri vinnu í samstarfi við deildarstjóra stiga, stoðþjónustu, sérkennara, þroskaþjálfa og náms- og starfsráðgjafa allt eftir eðli íhlutana eins og verið hefur undanfarin ár. | Stjórn-endur, sér-faggreina- og umsjónar-kennarar | Mars 2022 | Apríl 2022 | Árangur metinn í lok skólaárs á deildar-fundum stiga. Rýnt í niðurstöður samræmdra könnunarprófa og samanburð á milli ára |
| | Lýðræðisleg vinnubrögð | **Þjálfa nemendur í að taka þátt í nefndarstörfum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.** | Í kjölfar kynningar á nýjum starfsreglum nemendafélagsins verða nemendur hvattir til að láta sig skólasamfélagið varða og þeim bent á leiðir til að koma málum sínum á framfæri. Nemendur verða áfram virkir þátttakendur á skólaþingum og rýnihópum. Á þetta við um alla aldurshópa nemenda. | Stjórnendur, kennarar og annað fagfólk ásamt starfsfólki frístunda-starfs | | | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022(Nemendakönn un) |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Samskipti og vellíðan | **Rýna og finna leiðir til að koma í veg fyrir einelti meðal nemenda.** | Áfram verður unnið markvisst eftir Olweusuaráætluninni. Aukin áhersla er lögð á kynningu til starfsfólks, nemenda og foreldra með áherslu á ferla eineltismála. Vinaliðaverkefni var innleitt í skólanum síðast liðið ár og vinnum við áfram að því. | Skólastjóri, eineltis- og forvarnar-teymi, náms- og starfs-ráðgjafi, allt starfsfólk og nemendur ásamt, foreldrum og forráða-mönnum | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Rafræn mæling í Skólapúlsi 2022 (nemendakönnun) Olweusarkönnun nóvember 2021 |
| | Samskipti og vellíðan | **Virkja foreldra til samstarfs um líðan og samskipti nemenda** | Stjórnendur eiga samtal við foreldra/forráðamenn að hausti þar sem þeir fara fyrir grunngildi skólans og gefi foreldrum/forráðamönnum tækifæri til samtals ásamt umsjónarkennurum hvers árgangs. Foreldrar/forráðamenn eru fræddir um samskipti og líðan barna og ítrekað er mikilvægi tengsla heimilis og skóla meðal annars með samtali um vináttu, virðingu og vellíðan.<br>Hvetja til vinahópa utan skóla.<br>Skapa vettvang þar sem uppbyggileg skoðanaskipti geta átt sér stað meðal foreldra/forráðamanna og starfsfólks skólans. Fá álit foreldra/forráðamanna í lausnaleit í samskiptamálum. | Stjórnendur, allir starfsmenn, foreldrar og forráða-menn | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Rýnihópur nemenda, kennara og foreldra. |

| | MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Svið 3** | **Innra mat** | | | | | |
| **Framkvæmd innra mats** | Markmiða-bundið | Fram komi í skólanámskrá eða matsáætlun hvernig aðferðir og reynsla af innra mati eru metnar. | Umbótaáætlun endurskoðuð með það að markmiði að allir þættir skólastarfsins séu metnir á 3. – 5. ára fresti. | Skólastjóri | Júní 2021 | Sept. 2021 | Árangur metin í lok skólaárs með umbótateymi og matsteymi |
| | Samstarfs-miðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum | Huga að virkari aðkomu fulltrúa nemenda og foreldra að umbótateymi skóla. | Allir hagsmunaaðilar skólans virkjaðir í vinnu að umbótum við skólann og við mat á þeim. | Skólastjóri | Ágúst 2021 | Júní 2022 | Lokið – ólokið |